

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Snæfellsbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar skal ákvarða og innheimta sorpgjald fyrir söfnun og meðhöndlun úrgangs, skv. 1. mgr. 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003. Þá er Snæfellsbæ heimilt að innheimta gjald fyrir alla aðra meðhöndlun úrgangs, uppsetningu og rekstur nauðsynlegra innviða í samræmi við 2. mgr. 23. gr. laganna.

2. gr.

Sorpgjald er lagt á hverja íbúð og hvern sumarbústað í Snæfellsbæ og er það innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignagjöld. Gjaldið nýtur lögveðsréttar í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga.

3. gr.

Tunnugjald fer eftir rúmmáli þeirra sorpílata sem eru við heimili. Skylt er að hafa minnst eitt ílát fyrir lífúrgang, pappír/pappa, plast og almennan úrgang. Tíðni tæminga fer eftir sorphirðudagatali en er almennt á 21 dags fresti.

	kr.
<i>Ílát fyrir blandaðan heimilisúrgang:</i>	
240 l tunna	25.000
360 l tunna	38.000
660 l kar	70.000
1.100 l kar	120.000
<i>Ílát fyrir pappír:</i>	
240 l tunna	20.000
360 l tunna	30.000
660 l kar	58.000
1.100 l kar	98.000
<i>Ílát fyrir plast:</i>	
240 l tunna	20.000
360 l tunna	30.000
660 l kar	58.000
1.100 l kar	98.000
<i>Ílát fyrir matarleifar:</i>	
35 l ílát í tunnu	18.000
140 l tunna	65.000
Gjald vegna breytinga á þjónustu (breyting á stærð/fjölgun tunna)	4.000

4. gr.

Söfnun, förgun, móttaka og flokkun sorps, sem og önnur gjöld, eru sem hér segir:

	kr.
Sorpförgun – heimili	9.000
Sorpförgun – sumarhús/takmörkuð ívera	4.500
Rekstur grenndarstöðva – þéttbýli	1.500
Rekstur grenndarstöðva – sumarhús	16.000
Endurnýjunargjald 140 l tunnu	15.000
Endurnýjunargjald 240 l tunnu	6.000
Endurnýjunargjald 360 l tunnu	15.000

Endurnýjunargjald 660 l kar	21.000
Endurnýjunargjald 1.100 l kar	32.000
Komugjald á gámastöð*	2.000
Gjald vegna aukalosunar	10.000

* Innifalið í sorpförgunargjaldi eru 12 komur á gámastöð með almennan grófflokkaðan úrgang, þó þarf að greiða komugjald að upphæð kr. 500 við hverja heimsókn á gámastöð.

5. gr.

Tæknideild Snæfellsbæjar er heimilt samkvæmt gjaldskrá þessari að leggja gjöld á þá aðila sem verða uppvísir að því að fleygja sorpi og úrgangi á víðavangi eða á jarðvegstípp fyrir útlögðum kostnaði við hreinsun.

6. gr.

Gjaldskrá þessi var samin og samþykkt af bæjarstjórn Snæfellsbæjar 5. desember 2024 með stöð í 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 og öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Snæfellsbæ nr. 1477/2023.

Snæfellsbæ, 5. desember 2024.

Lilja Ólafardóttir bæjarritari.